

Námskrá

Íslenskt táknmál

fyrir heyrandi nemendur á framhaldsskólastigi

Valáfanginn TÁKN1AI05

Stutt lýsing

Áfanginn TÁKN1AI05 er á hæfniprepi 1 fyrir tungumálanám í framhaldsskóla. Lýsing á hæfniprepinu skiptist í þrjá þætti, *þekkingu*, *leikni* og *hæfni* og er aðlagð að færni þáttum náms í táknmáli.

Þekking

Við lok áfangans ÍTM I á nemandi að hafa öðlast almenna þekkingu og skilning

- á íslensku táknmáli
- samskiptum á ÍTM
- málkerfi ÍTM

Leikni

Við lok áfangans á nemandi að hafa öðlast leikni í að;

- geta skilið stuttar frásagnir á ÍTM
- geta tjáð æfðar og stuttar nokkurra tákna setningar með réttum setningafræðilegum svipbrigðum og samloðun
- beita algengustu reglum sem eiga við um samskipti á ÍTM
- geta tekið þátt í samræðum á ÍTM um eigin hagi og hversdagsleg málefni

Hæfni

Við lok áfangans á nemandi að geta skilið og tjáð sig á ÍTM og átt samskipti á ÍTM eins og þekking hans og leikni leyfir og að því gefnu að viðmælandi tákni skýrt og rólega og sé reiðubúinn að endurtaka og aðstoða í samskiptunum.

Áfangalýsing

Valáfanginn TÁKN1AI05 er byrjunaráfangi í íslensku táknmáli. Megináhersla er að kynna ÍTM fyrir nemendum, málkerfi þess og ýmsa þætti sem einkenna samskipti á táknmáli.

Nemendur fá kennslu og þjálfun í fingrastöfun, farið er yfir grunntáknforða og grunnatriði sem einkenna málkerfi ÍTM og einföld samskipti æfð. Nemendur fá einnig innsýn í menningu og sögu ÍTM, málfræði og samskiptaleiðir við dauðblinda einstaklinga. Nemendur læra að kynna sig, spyrja og svara einföldum spurningum, tjá einföld fyrirmæli, leiðrétt og staðfesta skilning á fyrirmælum og staðsetja hluti út frá sjónarhóli viðmælanda. Þá læra nemendur að segja hvað þá langar í og spyrja hvar og hvernig er hægt að nálgast það. Samhliða táknforða er farið í ýmis málfræðiatríði sem eru mikilvæg til að mynda málfræðilegar réttar setningar og byggja upp máltilfinningu í ÍTM. Með auknum táknforða eiga nemendur að geta myndað lengri setningar með réttum setningafræðilegum látbrigðum.

Táknforði

- nafn, aldur, búseta
- kennslustofan og hlutir í umhverfinu
- tölur, vikudaga, mánuði, árstíðir, veður, sérstakir dagar, klukkan
- litir, fatnaður, lýsingar á fólki, athafnir og nánasta umhverfi
- húsnaði og húsgögn
- matur, drykkir, langanir
- samgöngur og samgöngutæki
- spurnarfornöfn
- heiti bæja á Íslandi og hverfaheiti í Reykjavík
- fjölskylda, ættartengsl, hjúskaparstaða
- atvinna og störf
- athöfnir daglegs líf, tími, staður og stund
- nokkur fjöltákn (döff tákn, þ.e tákn sem ekki er hægt að þýða með einu orði á íslensku)

Málfræði

- látbrigði sem gegna setningafræðilegu hlutverki
- bendingar sem lýsa persónufornöfnum og eignarfornöfnum
- spurnarfornöfn
- hv- og já/nei spurningar
- setningar með tilvistartáknunum BIDD og LALLA
- táknrými: staðsetningar og tilvísanir í rými og augntillit
- áttbeyging tákna/sagna
- próform með látbrigðum
- neitun
- fleirtala persónufornafna
- tímalínur
- stigbreyting tákna

Fræðsla og menning

Í þessum áfanga lesa nemendur texta um heyrnarleysi, samfélag heyrnarlausra, menningu og sögu. Nemendur horfa einnig á ýmist efni, sögur og brandara á ÍTM og kynnast með því ‘bókmenntum’ döff og menningu. Auk þess eru þrír fyrirlestrar sem fjalla um menningu og sögu Döff, samskipti við dauflinda einstaklinga og almennt um málfræði íslenska táknmálsins.

Samantekt á hæfni í ÍTM fyrir þrep A1

Við lok áfangans TÁKN1AI05 eiga nemendur að búa yfir hæfni í ÍTM samkvæmt þrepi A1 í samevrópska viðmiðunarrámanum fyrir táknmál að mestu ef ekki öllu leyti.

A1 – Hæfniviðmið (almennt)
Að viðkomandi: -geti tjáð sig um einföld atriði á íslenska táknmálinu, svo sem að kynna sig, geti talað um nám, atvinnu og fjölskyldutengsl -sé fær um að skilja einföld atriði á íslenska táknmálinu, svo sem þegar fólk kynnir sig, talar um nám, atvinnu og fjölskyldutengsl -geti tekið þátt í einföldum samræðum ef viðmælandi táknar skýrt og rólega og er reiðubúinn að endurtaka og aðstoða í samskiptum -tileinki sér helstu grunnreglur í málfræði íslenska táknmálsins

A1	
Tjáning	Getur kynnt og sagt frá sjálfum/sjálfri sér, hvað hann/hún gerir og hvar hann/hún býr. Getur sagt einfaldar, stakar setningar um fólk og staði. Getur tjáð mjög stutta og æfða yfirlýsingu
Skilningur	Getur skilið mjög rólega og skýra frásögn, með löngum málvíldum, þar sem honum/henni gefst tími til að átta sig á merkingunni.
Samskipti	Getur tekið þátt í einföldum samskiptum <u>en þau eru algjörlega háð því að viðmælandinn tákni skýrt og rólega og sé tilbúinn að endurtaka, umorða og leiðrétta eftir þörfum.</u> Getur kynnt sig og notað helstu leiðir til að heilsa og kveðja. Getur spurt og svarað spurningum um sig, hvar hann /hún býr, hverja hann/hún þekkir og hvaða hluti hann/hún á. Getur beðið um og afhent hluti og tekist á við tölur, fjölda, kostnað og tíma.

Valáfanginn TÁKN1BI05

Stutt lýsing

Valáfanginn TÁKN1BI05 er á hæfniprepi 1 fyrir tungumálanám í framhaldsskóla og er áfanginn TÁKN1AI05 undanfari áfangans. Lýsing á hæfniprepinu skiptist í þrjá þætti, þekkingu, leikni og hæfni og er aðlagð að færni þáttum náms í ÍTM.

Þekking

Við lok áfangans á nemandi að hafa öðlast dýpri þekkingu og skilning

- á ÍTM og „bókmenntum“ þess
- samskiptum á ÍTM og
- málkerfi ÍTM og uppbyggingu þess, einkum hlutverki táknrýmis

Leikni

Við lok áfangans á nemandi að hafa öðlast leikni í að:

- skilja ÍTM af mismunandi táknurum, einkum af myndböndum
- geta myndað setningar í táknrými (hvort sem það er lárétt eða lóðrétt, raunverulegt eða ímyndað), staðsett það sem um ræðir og vísað til þess aftur með bendingu og augntilliti sem fylgir mynduninni.
- geta myndað lengri setningar með réttum setningafræðilegum látbrigðum, táknaröð og samloðun þannig að flæði frásagnarinnar sé eðlileg hvort sem frásögnin er frá eigin brjósti eða endursögn á frásögn
- taka þátt í samræðum á ÍTM og fylgjast með samræðum á ÍTM á milli tveggja eða fleiri einstaklinga

Hæfni

Við lok áfangans á nemandi að

- búa yfir ríkari táknforða í ÍTM
- geta skilið og tjáð samfelldari og lengri frásagnir á ÍTM
- geta átt frumkvæði að samskiptum á ÍTM við döff eins og þekking hans og leikni leyfir.

Áfangalýsing TÁKN1BI05

Valáfanginn TÁKN1BI05 er framhaldsáfangi í íslensku táknmáli og er áfanginn

TÁKN1AI05 undanfari þessa áfanga. Megináhersla er á að nemendur auki táknforða sinn, dýpki þekkingu sína á málkerfi og uppbyggingu ÍTM og geti tjáð og skilið lengri samfelldari frásagnir á ÍTM. Umræðuefni áfangans nær nú út fyrir kennslustofuna, nemendur læra að vísa til vegar, að segja hvað þá langar í og hvar sé hægt að nálgast það. Nemendur læra að bera fram kvartanir, gefa ástæður fyrir þeim og að fara eftir tilmælum annarra um að sækja hluti eða setja þá á tiltekna staði. Nemendur læra einnig að bjóða fram aðstoð, þiggja og afþakka aðstoð og geta beðið aðra um að fylgja fyrirmælum. Fingrastöfun er æfð frekar og aflestur stöfunar innan setningar. Áhersla er á myndun setninga táknrýminu, hvort sem það er lárétt

eða lóðrétt, raunverulegt eða ímyndað og að vísa til þess sem staðsett er með bendingu og augntilliti sem fylgir mynduninni. Mismunandi sjónarhorn kemur einnig inn á uppbyggingu ÍTM í sambandi við táknrýmið. Þá er farið í að gera grein fyrir eðli og stærð forma í rými.

Táknforði

- matur og hlutir í nánasta umhverfi
- athafnir, störf, vinnustaðir
- þarfir fólks og eiginleikar, fatnaður, útlit og framkoma
- fjölskyldan; tengsl fólks, aldur, störf og búseta
- fjöltákn (döff tákn, þ.e tákn sem ekki er hægt að þýða með einu orði á íslensku)

Málfræði

- táknrými, staðsetningar, viðmiðunarpunktur, endurvísun
- látbrigði
- sjónarhorn
- hlutverkaskipti
- upptalningar/tilvísanir
- flóknari próform
- áttbeygðar sagnir
- táknun á tíma/tímatáknanir

Fræðsla og menning

Nemendur horfa einnig á ýmist efni, sögur og brandara á ÍTM og kynnast með því ‘bókmenntum’ döff og menningu.

Samantekt á hæfni í ÍTM fyrir þrep A1

Við lok áfangans TÁKN1BI05 eiga nemendur að búa yfir hæfni í ÍTM samkvæmt þrepi A1 í samevrópska viðmiðunarrammanum fyrir táknmál að öllu leyti

A1 – Hæfniviðmið (almennt)
Að viðkomandi: - Geti skilið og notað hversdagslegar setningar og mjög einfalda frasa sem fullnægja hlutlægum grunnþörfum. - Getur kynnt sig og aðra og spurt og svarað spurningum um persónuleg atriði eins og búsetu, fólk sem viðkomandi þekkir og hluti sem hann á. - Getur átt einföld samskipti ef viðmælandi táknar skýrt og rólega og er reiðubúinn til að aðstoða í samskiptunum.

A1	
Tjáning	Getur kynnt og sagt ítarlega frá sjálfum/sjálfri sér, s.s. frá áhugamálum og námi sínu. Getur tjáð stutta og æfða yfirlýsingu (t.d. kynnt fyrirlesara eða mælt fyrir skál). Getur sagt hvað honum/henni finnst um eitthvað. Hefur grunntáknaforða (úr frosna táknaafninu) sem er byggður upp af táknum og frösum sem tengjast sérstökum raunverulegum aðstæðum
Skilningur	Getur skilið skilaboð sem sögð eru rólega og af vandvirkni og er beint til hans/hennar og getur fylgt stuttum og einföldum leiðbeiningum.
Samskipti	Getur kynnt aðra. Getur spurt og svarað spurningum um aðra, hvar viðkomandi býr, hverja viðkomandi þekkir og hvaða hluti viðkomandi á. Getur spurt fólk hvernig því líði og brugðist við fréttum. Getur spurt og svarað einföldum spurningum um kunnugleg málefni og/eða helstu þarfir og brugðist við einföldum staðhæfingum eða leiðbeiningum um þessi málefni og/eða þarfir. Getur beðið um og afhent hluti og tekist á við tölur, fjölda, kostnað og tíma. Getur náð félagslegu sambandi með því að nota hversdagsleg kurteis form til að heilsa og kveðja, kynna sig, biðja um eitthvað, þakka fyrir, biðjast afsökunar o.s.frv.